

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/441*  
*komudagur 26.6.2009*

**Ríkissaksóknari**

Reykjavík 26. júní 2009.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent embættinu til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál.

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að embætti ríkissaksóknara er 21. og 22. gr. frumvarpsins og lýtur að breyting á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með síðari breytingum.

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga um meðferð sakamála greiðist þóknun skipaðs eða tilnefnds verjanda úr ríkissjóði enda telst sá kostnaður til sakarkostnaðar skv. 216.gr. laganna. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að við 3. mgr. 38. gr. bætist heimild ráðherra til að mæla fyrir um tímagjald sem taka skal mið af við ákvörðun dómara um þóknun. Í 22. gr. frumvarpsins er svo fjallað um ákvörðun samkvæmt 48. gr. sakamálalaga um þóknun til réttargæslumanns.

Dómstólaráð hefur sett viðmiðunarreglur fyrir dómara til að fara eftir við ákvörðun þóknunar fyrir verjendur og réttargæslumenn í sakamálum. Þrátt fyrir það telur ríkissaksóknari eðlilegt að ákveðið verði í reglugerð við hvaða tímagjald dómstólar skuli niða þegar ákvörðun um þóknun er tekin enda er ríkissjóður iðulega greiðandi þessa kostnaðar.

Með vísan til þessa er lýst yfir stuðningi við frumvarpið.

Virðingarfyllt

